

SAKADÓMUR REYKJAVÍKUR

Reykjavík,

7. mars 1991.

GB/se

Alþingi

Erindi nr. Þ/13/834

komudagur 8/3 1991

Hér með leyfum við undirritaðir dómara við Sakadóm Reykjavíkur okkur að senda háttvirtri allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis þær breytingatillögur sem við leggjum mesta áherslu á, ásamt greinargerð, við frumvarp til laga um meðferð opinberra mála sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Viljum við fara þess á leit við allsherjarnefnd að hún beri fram breytingatillögur þessar við frumvarpið þar sem það er skoðun okkar að þær séu mjög til bóta.

Við hefðum viljað gera fleiri breytingatillögur við frumvarpið, en teljum að til þess vinnist ekki tími, ef afgreiða á það á yfirstandandi þingi svo sem okkur hefur skilist.

Virðingarfyllst,

Gunnlaugur Briem

Þórir Einarsson

Pjetur Auðginn

Helgi J. Jónsson

Triggrinn Benediktsson

Þorgerður G. Markelsson

Hjörtur O. Adalsteinsson

Allsherjarnefnd neðri deildar
Alþingis.

SAKADÓMUR REYKJAVÍKUR

Reykjavík,

7. mars 1991.

Undirritaðir dómaraar við Sakadóm Reykjavíkur höfum kynnt okkur frumvarp til laga um meðferð opinberra mála, sem nú liggur fyrir Alþingi, eins og það hefur verið afgreitt frá efri deild. Við lýsum ánægju okkar með þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu frá því það var fyrst lagt fram, en leggjum sérstaka áherslu á að eftirtalдар breytingar nái fram að ganga:

5. gr. orðist svo:

" 1. Einn dómari skipar að jafnaði dóm í hverju máli.

2. Eftir ákvörðun dómstjóra við héraðsdómstólana í Reykjavík, á Reykjanesi, Norðurlandi eystra og Suðurlandi, skulu þrjár embættisdómaraar fara með mál eftir útgáfu ákæru, ef það er mjög vandasamt eða umfangsmikið eða brot getur varðað 16 ára fangelsi eða meira. Dómaraar við aðra héraðsdómstóla geta á sama hátt kvatt með sér embættisdómara úr öðrum umdæmum þegar þannig stendur á.

3. Dómur getur kvatt einn eða tvo kunnáttumenn til dómstarfa með sér í málum þar sem sérkunnáttu þykir þörf. Sitji tveir menn í dómi og ágreiningur verður á milli þeirra ráður atkvæði dómsformanns."

Til samræmis við ofangreint verði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 92, 1989 um aðskilnað dómssvalds og umboðssvalds í héraði breytt þannig að hún hljóði svo:

"Einn héraðsdómari skipar að jafnaði dóm í hverju máli.

Um skipan dóms fer að öðru leyti eftir lögum um meðferð einkamála í héraði og lögum um meðferð opinberra mála."

52. gr. orðist svo:

"Embættis- og sýslunarmönnum er að jafnaði óskyldt að koma fyrir dóm til þess að vitna um atvik sem gerst hafa í embætti þeirra eða sýslan og leiða má í ljós með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali. Heimilt er þó dómara að kveðja þá fyrir dóm með úrskurði ef brýna nauðsyn ber til og ákærandi eða verjandi krefst þess. Úrskurðurinn er ekki kæranlegur."

2. mgr. 115. gr. orðist svo:

"Nú berst lögreglustjóra kæra um brot, sem hann hefur ákæruvald um samkvæmt 28. gr., og hann telur viðurlög við brotinu ekki fara fram úr sviptingu ökuleyfis allt að einu ári, upptöku eigna eða sekt að tiltekinni fjárhæð, sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð eftir tillögu ríkis-saksóknara. Getur lögreglustjóri eða löglærður fulltrúi hans þá bréflega, innan mánaðar frá því honum barst kæran, gefið sakborningi kost á að ljúka málinu með því að gangast undir hæfileg viðurlög með undirskrift sinni. Gangist sakborningur undir ákvörðun viðurlaga, hafa þau málalok sama gildi um ítrekunaráhrif og dómur, ef því er að skipta. Synji sakborningur þessum málalokum eða sinni þeim ekki skal tekin ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum."

3. mgr. 122. gr.

Niðurlag málsgreinarinnar falli niður, þ.e. "Áður en máli verður vísað frá dómi skal ákæranda þó gefinn kostur á að tjá sig um málefnið, svo og ákærða, hafi hann sótt þing í málinu."

171. gr. falli niður.

Greinargerð.

Um 1. mgr. 5. gr.

Meðferð margra opinberra mála getur verið það erfið og vandasöm að ekki sé unnt að leggja hana á einn mann og er ekki vitað til þess að það sé gert í nágrannalöndum er þannig háttar til. Nægir í þessu sambandi að minna á t.d. svonefnd Geirfinnsmál, Hafskips- og Útvegsbankamál og Stóragerðismál sem falin voru embættisdómurum. Í þessum sambandi skal bent á að fyrir héraðsdómi er lagður endanlegur grundvöllur að hverju máli, m.a. með yfirheyrslum sökunauts og vitna. Hins vegar bregður svo við að þegar málin koma til Hæstaréttar sitja 5 dómara í þess háttar málum, þótt engin slík málsmeðferð fari þar fram. Er því lagt til að dómur skuli skipaður 3 héraðsdómurum skv. ákvörðun dómstjóra eða héraðsdómara, ef þannig stendur á sem í greininni segir.

Við teljum það skref aftur á bak eigi að lögfesta ákvæði þetta, eins og það er í frumvarpinu, og gera með því stöðu dómara erfiðari og veikari en nú er.

Um 52. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er embættis- og sýslunarmönnum óskylt að koma fyrir dóm í opinberu máli til að vitna um atvik sem gerst hafa í embætti þeirra eða sýslan o.s.frv. Dæmin sanna hins vegar að nauðsynlegt getur verið að kveðja embættis- og sýslunarmenn fyrir dóm. Viljum við vekja athygli á í þessu sambandi, að það gerðist nýverið í máli að óskað var eftir, að starfsmaður ríkisskattaneftndar kæmi fyrir dóm vegna bréfs, sem hann hafði ritað og nauðsyn var að fá nánari skýringar á. Hann neitaði að mæta og bar fyrir sig ákv. 92. gr. í núgildandi lögum, sem er samhljóða þessari grein frumvarpsins. Var því ekki unnt að fá skýringar á efni bréfsins. Verður ekki séð hvaða hagsmuni er verið að vernda með þessu ákvæði frumvarpsins.

Um 2. mgr. 115. gr.

Telja verður, að það þurfi að vera alveg ótvírætt í málgrein þessari, að einungis löglærður maður fari með málefni þau er þar greinir svo sem verið hefur. Er því lagt til að bætt verði við að auk lögreglustjóra fari löglærður fulltrúi hans með þau, enda hér um mikilvægt réttaröryggisatriði að ræða.

Um 3. mgr. 122. gr.

Telja verður með öllu ófært að dómari tjái sig fyrir fram um rök fyrir frávísun máls frá dómi ex officio, eða gefi á annan hátt í skyn að hann hyggist vísa máli frá dómi, áður en hann kveður upp úrskurð í þá veru enda gæti hann

gert sig vanhæfan með því að taka slíka afstöðu. Þetta er ekki í nügildandi lögum og hefur aldrei tíðkast áður svo vitað sé og eigi verið gerðar athugasemdir við það af hálfu æðri réttar, þar til alveg nýverið að það var gert án rökstuðnings. Ríkissaksóknari á og ávallt kost á að skjóta úrlausn héraðsdómara um þetta til Hæstaréttar, fallist hann ekki á röksemdir dómara.

Um 171. gr.

Í greininni segir að bótakröfu eigi ótvírætt að tilgreina í ákæru en dómari geti þó leyft að bótakrafa verði gerð þótt hennar hafi ekki verið getið þar. Telja verður að vegna réttaröryggis eigi ekki að heimila að hafðar séu aðrar kröfur uppi í opinberu máli en gerðar eru í ákæru svo að engin óvissa skapist í þessu efni og ákærði geti tekið til varna um sakarefni eins og þar greinir, enda samrýmist ákvæði sem þetta ekki grundvallarreglum í réttarfari. Réttur kröfuhafa er ekki með því fyrir borð borinn, enda hefur hann tækifæri til að höfða einkamál vegna kröfunnar.

Við viljum að lokum vekja athygli á eftirfarandi:

Samkvæmt 142. gr. frumvarpsins sýnist það vera kæránlegt, ef dómari í opinberu máli ákveður að víkja sæti í því. Þegar um einkamáladómara er að ræða er hins vegar annað upp á teningnum, sbr. a lið 1. mgr. 21. gr. hæstaréttarlaga nr. 75, 1973, en úrskurður hans um þetta er ekki kæránlegur. Er með öllu óskiljanlegt hvað þessu veldur og væri æskilegt að nefnd sú er samdi frumvarpið gefi á þessu

skýringar.

Vert er og að vekja athygli á því ákvæði í sömu grein frumvarpsins að úrskurður dómara um að hann neiti að víkja sæti í máli sätir og kæru til Hæstaréttar og frestast málsmeðferð á meðan. Eigi verður séð að í frumvarpinu sé ótvírætt tekið á því, til hvaða úrræða dómari eigi að grípa ef slík krafa kemur fram og hann hefur til meðferðar gæsluvarðhaldskröfu, þar sem hann hefur sólarhrings frest til að taka ákvörðun eða þá kröfu um húsleit. Dæmi er um þetta hér við dóminn fyrir nokkru. Í slíkum tilvikum þarf nú leyfi ríkissaksóknara til kæru skv. 1. tl. 171. gr. gildandi laga um meðferð opinberra mála, en ákvæðið er nú afnumið skv. frumvarpinu. Er brýnt að hafa skýr ákvæði um þetta í lögum vegna þeirrar réttaróvissu sem þetta getur valdið.

Gunnlaugur Briem

Guerris Einarsson

Pjetur Guðgeirsson

Trigilbjörg Bened.

Helgi Þ. Þorvaldsson

Prebjörn D. Markússon

Hjörtur O. Adalsteinsson